

KENNARANÁM

ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLA ÍSLAND
Á SÖLVHÓL 24. NÓVEMBER 2008

KENNARANÁM VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Kennaranámið er fræðinám til undirbúnings fyrir kennslu í listum í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt námskrá og til almennra fræðslustarfa. Í náminu er áhersla lögð á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á starfi kennarans og fræðum um kennslu; færni kennarans við skipulag náms, vali á kennsluaðferðum, námsgögnum og kennslugögnum, námsmati, greiningu á þörfum nemenda ásamt almennri þekkingu á skólastarfi.

Markmið Listaháskólans er að útskrifa kennara sem hafa bæði góða fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu. Með því að mennta listamenn til kennslustarfa vill skólinn efla hlut lifandi lista í fræðslu og menntun allra landsmanna og auka skilning á gildi skapandi hugsunar í öllu skólastarfi.

Nemendur sækja námið, sem eru 60 ECTS einingar ýmist á einu eða tveimur árum. Að náminu loknu sækja þeir um kennsluréttindi til Menntamálaráðuneytisins sem grunn- og / eða framhaldsskólakennarar.

Aðstaða kennaranema er í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi. Í október 2006 voru nýjar kennslustofu teknar í notkun fyrir kennaranámið á 2. hæð í norðurenda hússins í Laugarnesi. Þar eru tvær kennslustofur, önnur þeirra rúmar fjölmenna fyrirlestra eða fundi og minni stofan hentar kennslu fyrir 15-20 manna hópa. Báðar eru stofurnar vel búnar tækjum þ.e. tölvu, skjávarpa, hljómflytningstækjum og fleira ásamt nýlegum húsgögnum. Heimasvæði og vinnuaðstaða nemenda er góð og er mikið notuð af nemendum.

Fastráðnir starfsmenn við kennaranámið eru Arnþrúður Ösp Karlsdóttir forstöðumaður kennaranáms og Svanborg Matthíasdóttir umsjónarkennari kennaranema.

Kennarar. Á skólaárinu 2007-2008 voru 22 stundakennarar eða gestafyrirlesarar sem komu fræddu nemendur um sína sérgreinar á sviði kennslu almennt eða kennslu í listum. Æfingakennarar kennaranema voru 20, þar af í grunnskóla 8 og í framhaldsskóla 12.

Stjórn kennaranáms er skipuð rektor og deildarforsetum. Fundir í stjórn kennaranáms og kennarafundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á misseri.

Vinnuhópur um þróun meistaranáms í listkennslu var stofnaður á vormisseri 2008. Í vinnuhópnum störfuðu; Kristín Valsdóttir, Vigdís Jakobsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir, Björg Jóna Birgisdóttir, Svanborg Matthíasdóttir og Arnþrúður Ösp Karlsdóttir sem var formaður hópsins. Vinnuhópurinn lauk störfum og skilaði skýrslu til stjórnar Listaháskólans í byrjun sumars.

Skólaárið 2007-2008 voru skráðir nemendur í kennaranámi 31, þar af voru konur 26 og 5 karlar. Opnað var í fyrsta sinn fyrir umsóknir í desember 2006 og 5 nemendur hófu nám í janúar 2008.

Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var fjölbreyttur eins og undanfarin ár. Í hópnum voru 5 tónlistarmenn þar af einsöngvarar og hljóðfæraleikarar, tveir leikarar og einn dansari, grafískir hönnuðir, ljósmyndari fatahönnuður, textíllistamenn, leirkerasmiðir og fjölhæfir myndlistarmenn. Nemendur voru: Auður Gunnarsdóttir, Eggert Arnar Kaaber, Elín Halldórsdóttir, Elísabet Þórðardóttir, Finna Birna Steinsson, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Guðrún Árdís Össurardóttir, Guðrún Þórðardóttir, Halldór K Valdimarsson, Harpa Dögg Kjartansdóttir, Heiða Margrét Guðmundsdóttir, Hrund Jóhannesdóttir, Ína Dóra Hjálmarsdóttir, Ingibjörg Bjarnason, Íris Auður Jónsdóttir, Jelena Micic, Jóhanna Jakobsdóttir, Jón Magnússon, Karla Dögg Karlsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Lauren Dorothy Hauser, Lilja Hauksdóttir, Magnús Leifsson, Ólöf Björg Björnsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Sari Maarit Cedergren, Steinþóra Hildur Clausen, Þiðrik Kristján Emilsson, Þórdís Erla Ágústsdóttir, Þórdís Jóhannesdóttir, Þórunn Inga Gísladóttir

Vorið 2007 útskrifuðust eftirfarandi 16 listamenn með diplóma í kennslufræði til kennsluréttinda frá Listaháskóla Íslands: Auður Gunnarsdóttir, Elín Halldórsdóttir, Elísabet Þórðardóttir, Finna Birna Steinsson, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Guðrún Árdís Össurardóttir, Guðrún Þórðardóttir, Heiða Margrét Guðmundsdóttir, Hrund Jóhannesdóttir, Ingibjörg Bjarnason, Íris Auður Jónsdóttir, Karla Dögg Karlsdóttir, Ólöf Björg Björnsdóttir, Steinþóra Hildur Clausen, Þiðrik Kristján Emilsson, Þórdís Erla Ágústsdóttir

Skólaárið 2008-2009 er áttunda skólaárið sem LHÍ býður kennaranám fyrir listamenn. Umsækjendur um nám haustið 2007 voru 23, 17 konur og 6 karlar, þar af hófu nám 19 manns, 14 konur og 5 karlar. Það eru alls 30 nemendur stunda kennaranám í vetur, 7 karlar og 23 konur. Sjonlistafólk þ.e. myndlistarmenn og hönnuðir, eru fjölmennasti hópurinn meðal kennarnema, tónlistarmenn eru 4, dansarar eru 2 og leikararnir eru 4.

Umsóknarfrestur um að hef nám í janúar 2008 er 1. desember. Það gaf góða raun á síðasta ári og nú í haust hafa fyrirspurnir um nám verið fleiri en fyrri árin, væntanlega vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Stjórn Listaháskóla Íslands ákvað í haust að stofnuð verður Listkennsludeild við skólann og var auglýst eftir deildarforseta í september 2008, 10 umsóknir bárust um starfið. Niðurstöðu matsnefndar er vænst í byrjun desember.

Áætlað er að 19 nemendur útskrifist í vorið 2009, ýmist með 30 eða 60 ECTS eininga diplóma.